

Nefndasvið Alþingis,
Fjárlaganefnd og allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. mars 2019

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (tíðavörur og getnaðarvarnir), 52. mál, 149. löggjafarþing.

Félagið Femínísk fjármál fagnar þessu frumvarpi sem leggur til breytingar á lögum um virðisaukaskatt vegna tíðarvara og getnaðarvarna. Með frumvarpinu er lagt til að einnota og margnota tíðavörur þar með talin dömubindi, tíðatappar og álfabikarar, ásamt öllum tegundum getnaðarvarna, falli í lægra þrep virðisaukaskatts.

Í núgildandi lögum um virðisaukaskatt falla smokkar í lægra þrep virðisaukaskatts. Telur félagið það dapurlegt að ekki eigi það sama við um allar tegundir getnaðarvarna – eða einungis þær sem aðallega beinast að körlum - og fagnar því þessu breytingarfrumvarpi.

Tíðarvörur eru nauðsynjavörur fyrir flest fólk sem fer á blæðingar og notkun þeirra hvorki lúxus né val. Telur félagið það edlilegt að tíðarvörur flokkist því ekki í efsta þrepi virðisaukaskatts, og ætti jafnvel að vera undanþegin virðisaukaskatti. Vill félagið vekja athygli á því að önnur lönd víðsvegar um heim hafa á undanförunum árum farið þá leið að lækka eða afnema virðisaukaskatt á tíðarvörum með það sem markmið að auka jöfnuð og afnema ómálefnaleg auka útgjöld þeirra sem fara á blæðingar.

Virðingarfyllst f.h. félagsins Femínísk fjármál.